



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

# TALNABRUNNUR

Fréttabréf landlæknis um heilbrigðisölfraði

1. árg. 1. tölublað. Október 2007.

## EFNI:

Nýtt fréttabréf um heilbrigðisölfraði	bls. 1
Kort af heilbrigðis- og sóttvarna- umdæmum	bls. 1
Mjaðmarliðar- aðgerðum fer fjölgandi	bls. 2

## NÝTT FRÉTTABRÉF UM HEILBRIGÐISTÖLFRÆÐI

Nýtt fréttabréf á vegum Landlæknisembættisins hefur nú göngu sína. Í fréttabréfinu, sem hlotið hefur nafnið *TALNABRUNNUR. Fréttabréf landlæknis um heilbrigðisölfraði* verður fjallað um það sem frétt næmt þykir hverju sinni um skráningu, söfnun, greiningu og túlkun heilbrigðisupplýsinga. Eftir sem áður munu birtast á fréttavef Landlæknisembættisins tilkynningar og tilmæli í tengslum við málaflokkinn þegar þess gerist þörf.

Fréttabréfinu er ætlað að vera til viðbótar og eftir atvikum til kynningar á því efni sem embættið lætur nú þegar frá sér. Stefnt er að því að gefa fréttabréfið út einu sinni í mánuði.

Starfsmenn Landlæknisembættisins sem sinna heilbrigðisölfraði á einn eða annan hátt koma að gerð fréttabréfsins. Ritstjóri þess er Jónína Margrét Guðnadóttir.

## KORT AF HEILBRIGÐIS- OG SÓTTVARNAUMDÆMUM

### Ritstjörn

Sigríður Haraldsdóttir  
sviðsstjóri, ábm.

Anna Björg Aradóttir  
Matthías Halldórsson  
Svanhildur Þorsteinsdóttir

Ritstjóri  
Jónína M. Guðnadóttir

Þann 1. september síðastliðinn tóku gildi ný lög um heilbrigðisþjónustu, lög nr. 40/2007. Í lögnum segir um skipulag heilbrigðisþjónustu að landinu skuli skipt í heilbrigðisumdæmi og kveðið skuli á um þá skiptingu í reglugerð. Reglugerð um heilbrigðisumdæmi, nr. 785/2007, tók gildi samtímis lögum um heilbrigðisþjónustu.

Landlæknisembættið hefur á grundvelli reglugerðarinnar unnið kort sem sýnir skiptingu landsins í heilbrigðisumdæmi.

Sams konar kort hefur verið útbúið af sóttvarnaumdæmum, skv. reglugerð um tilnefningu yfirlækna heilsugæslustöðva til að sinna sóttvörnum, nr. 834/2007.

Svanhildur Þorsteinsdóttir verkefnisstjóri annaðist kortagerðina.



Heilbrigðisumdæmin á Íslandi  
Smellið á myndina til að skoða stærra kort.



Sóttvarnaumdæmin á Íslandi  
Smellið á myndina til að skoða stærra kort.

## LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ HEILBRIGÐISTÖLFRÆÐISVIÐ

Austurströnd 5  
170 Seltjarnarnes  
Sími: 510 1900  
Brefasími: 510 1919

Netfang: [mottaka@landlaeknir.is](mailto:mottaka@landlaeknir.is)  
Vefang: [www.landlaeknir.is](http://www.landlaeknir.is)


Heimilt er að nota efni þessa fréttabréfs, sé heimildir getið.

## MJAÐMARLIÐARAÐGERÐUM FER FJÖLGANDI

Á árinu 2000 voru skráðar 354 gerviliðaraðgerðir, en á árinu 2005 voru þær 515. Er þetta fjölgun um 45%.  
Er þetta fjölgun um 45%.

Gerviliðaraðgerðum á mjöðm hefur farið fjölgandi undanfarin ár. Á árinu 2000 voru skráðar 354 slíkar aðgerðir sem aðal- aðgerð, en á árinu 2005 voru þær 515. Er þetta fjölgun um 45%. Aðgerðum á hverja 100.000 íbúa fjölgaði úr 126 í 174 á sama tíma (mynd 1). Í flestum tilfellum er slitgigt orsök þess að einstaklingur þarf að gangast undir slíka aðgerð, en brot á lærleggshálsi getur einnig leitt til þess að framkvæma þarf gerviliðaraðgerð. Aðrar ástæður eru sjaldgæfari.


Sama þróun á sér stað á hinum Norðurlöndunum (mynd 2). Tekið skal fram að aldurs- samsetning þjóðanna er ólík. Þannig er



Athygli vekur að aldursskipting er misjöfn milli kynja og eru karlar að meðaltali yngri þegar þeir fara í aðgerðina. Af þeim körlum sem fara í gerviliðaraðgerð á mjöðm á Íslandi eru hátt í 40% undir 65 ára aldri en í hópi kvenna er hlutfallið um 24%. Samanburður á milli Norðurlandanna er sýndur í töflu 2.

Ofangreindar tölur eru fengnar úr gögnum sem Landlæknisembættið safnar um skurð- aðgerðir sem framkvæmdar eru á sjúkrahúsum landsins. Í tilmælum landlæknis um lágmarksskráningu kemur fram að skrá skuli skurðaðgerðir samkvæmt norrænu flokkunarkerfi, NCSP, sem notað er á öllum Norðurlöndunum og auðveldar samanburð milli landanna.

Yfirlit Landlæknisembættisins yfir aðgerðir, sem framkvæmdar eru á sjúkrahúsum, er birt samkvæmt svokölluðum stuttlista (sjá nánar <http://www.landlaeknir.is/pages/915>). Við val aðgerða á stuttlistann er haft að leiðarljósi að listinn endurspegli hið breiða svið sem þjónustan nær yfir og er bæði um að ræða bráðaaðgerðir og val- aðgerðir. Við framsetningu á tölum um fjölda aðgerða er yfirleitt birtur fjöldi aðal- aðgerða.



hærra hlutfall ungs fólk á Íslandi en í hinum löndunum og skýrir það e.t.v. lægri tíðni aðgerða hér á landi.

Fleiri konur en karlar greinast með slitgigt og endurspeglast sú staðreynd í aðgerðunum. Þannig eru ríflega 60% aðgerðanna framkvæmdar á konum. Hlutfallsleg kynja- skipting á Norðurlöndunum sést í töflu 1.

Í flestum tilfellum er slitgigt orsök þess að einstaklingur þarf að gangast undir gerviliðaraðgerð á mjöðm.

**Tafla 1** Mjaðmarliðaraðgerðir 2005  
Hlutfall eftir kyni

	Karlar	Konur
Danmörk	38%	62%
Finnland	39%	61%
Ísland	39%	61%
Noregur	30%	70%
Svíþjóð	38%	62%

**Tafla 2** Mjaðmarliðaraðgerðir 2005  
Hlutfall yngri en 65 ára eftir kyni

	Karlar	Konur	Alls
Danmörk	38%	22%	28%
Finnland	37%	25%	29%
Ísland	37%	24%	29%
Noregur	37%	20%	24%
Svíþjóð	31%	22%	25%